


AFSTÖÐUMYND MKV. 1:500



Þak og útisvæði - horft í vestur



Rampi, útisvæði og leiksvæði



Inngangar í íbúðir á 2. hæð
Rampi og útisvæði meðfram honum og á þaki



Ásýnd frá Hafnarstétt



Þak og útisvæði - horft í suður



Rampi og útisvæði horft í suður




GRUNNMYND ÞAK MKV. 1:100

Teikning þessi er eign s. ap arkitekta ehf. Hana má ekki afrita
með neinum hætti svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan
sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.

ÓÚTGEFIÐ

| breyting | skýring | dags. | breytt |
| --- | --- | --- | --- |

Verkheiti:
# Íbúðir og þjónusta Hafnarstétt 17, Húsavík

## Afstöðumynd, yfirlitsmynd þak og þrívíddarmyndir

Dagsetning: 03.05.2022
Mælikvarði: 1:100
Teiknað af: KB
Yfirfarið af: AP

Aðalhönnuður:

Arnhildur Pálmadóttir
kt. 220772 5949

s. ap arkitektar
www. sap@
saparkitektar.is
+354 846 90 81

Verknúmer:
0097

VER AU 02

Útgáfa:




GRUNNMYND 1. HÆÐ MKV. 1:100




GRUNNMYND 2. HÆÐ MKV. 1:100

Almennt

Sótt er um breytingar á núverandi sjóbúð þar sem íbúðir verða innréttaðar í húsinu á 2. hæð og 1. hæð að hluta en þjónusta verður áfram á hluta 1. hæðar. Hafnarstétt 17 var upphaflega teiknuð af Friðgeir Axfjörð og Þorvaldi Kristmundssyni arkitekt. Ger er ráð fyrir að aðkoma að íbúðum á 2. hæð verðu um stiga innan lóðar og ramp utan lóðar. Tillagan gerir ráð fyrir að landslag milli Hafnarstéttar 17 og Garðarsbrautar verði mótað að húsinu og að þar verði samhliða rampi verði landslag útfært þannig að allir hafi gott aðgengi að svæðinu. Gert er ráð fyrir 11 íbúðum í húsinu af stærðinni 52 til 68 m2 auk svala.

Stærðir :

1. hæð: X m2
2. hæð: X m2

Samtals brúttóflötur (D16): X,x m2
Rúmmál: X,X m3
Lóðarstærð: 637 m2
Leyfileg nýtingarhlutfall skv. gildu deiliskipulagi: 0,X
Nýtingarhlutfall bygginga á Hafnarstétt 17 með þessari breytingu: 0,X

Uppfærð skráningartafla fyrir Hafnarstétt 17 fylgir þessari umsókn.

Lóð, landslag og aðkoma

Aðkoma að húsinu er um stiga frá Garðarsbraut og ramp austan lóðar. Stiginn gengur niður að íbúðum á 1. hæð um lítið stigahús. Gerðar verða breytingar á bílastæði við Garðbarsbraut þannig að aðkoma að húsinu og þaki Hafnarstéttar 17 verður betur tengd gangsétt. Þannig verður þak hússins að almenningsgarði þar sem þakgluggar íbúða fléttast saman við landslagshönnun og sæti fyrir almenning sem geta notið frábærs útsýnis til sjávar og fjalla eftir því hvar setið er. Einnig er gert ráð fyrir lággróðri og runnum bæði við sætin og þakkant hússins að hluta. Gert er ráð fyrir því að endurnýja þakið ofan á steyptri plötu með nýrri einangrun frágangi og hellulögn.

Sorp

Við stiga niður að inngangi 2. hæðar er gert ráð fyrir litlu húsi sem er sorpgeymsla hússins á efri hæð en hjólageymsla á neðri hæð. Húsið er staðsett utan lóðar en ástæða þess er að þannig er hægt að tengja það vel við aðkomu sorpbíla að svæðinu auk þess sem húsið verður minna áberandi heldur en útfærsla sem er í gildu deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir sorp og hjólageymslu á þaki hússins. Gert er ráð fyrir flokkun á sorpi í samræmi við kröfur Norðurþings. Gengið verður frá sorpskýli í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar nr. 84.BR2. Sjá staðsetningu á afstöðumynd.

Útfærslur utanhúss

Grafið verður frá húsinu að austanverðu, stétt og stoðveggur steyptur auk stiga og húsið einangrað og klætt á austurhlið. Gengið verður frá landslagi austan stoðveggjar í samráði við Norðurþing. Aðrar breytingar á húsinu er eingöngu endurnýjun glugga á vesturhlið auk tveggja nýrra glugga á suðurhlið.

Útfærslur innanhúss

Núverandi burðarveggir halda sér en settir verða upp nýjir brunahólfandi milliveggir milli íbúða. Léttir innveggir verða settir upp í íbúðum til að skilja að svefnherbergi, baðherbergi og eldhús. Einfaldur frágangur verður í efnisvali og haldið í iðnaðarútlit hússins, gólf verða flotuð og innréttingar úr við. Til að uppfylla kröfur um hljóðvist í verða loft tekin niður að hluta og klædd með steinullareinangrun og klæðningu í flokki 1 eða hljóðdempandi loftaklæðningu í flokki 1. Veggklæðningar nýrra innveggja uppfylla kröfur í flokki 1.

Einangrun byggingarhluta

Kólunartölur og einangrun byggingarinnnar eru samkvæmt grein 13.3.2 í byggingarreglugerð og ÍST66:2008. Sjá nánar meðfylgjandi útreikninga í fylgiskjali.

Orkurammi

| U-gildi (W/m²k) : | Lágmarkskröfur byggingarreglugerðar: | Raungildi byggingarinnar: |
|---|---|---|
| Þak: | <0,2 | 0,19 |
| Gluggar/hurðir: | <2,0/3,0 | 1,7/1,66 |
| Steypt gólf á fyllingu: | <0,3 | 0,25 |

Algild hönnun

Allar íbúðir geta uppfyllt kröfur um algilda hönnun. Gert er ráð fyrir snúningssvæðum hjólastóla og allar umferðarleiðir innan og utanhúss eru af nægjanlegri breidd og hindrunarlausar í samræmi við gildar reglugerðir. Gert er ráð fyrir því að mesti hæðarmunur inni og úti sé 25mm að meðtaldri hæð á þröskuldi. Inngangsdyr verða útfærðar þannig að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miðað verður við að átak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N. Salerni eru aðgengileg án hindranna eða þröskulda. Aðgengi að inngangi á 2. hæð er um rampa utan lóðar.

Rafkerfi

Gert er ráð fyrir lýsingu í niðurteknu lofti og tenglum fyrir eldhús við útvegg Langaneshúss. Einnig er gert ráð fyrir tenglum við súlur í útvegg tengibyggingar. Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing ve… **í vinnslu** …i eða innfelld og lampar valdir í samræmi við notk… …ður sett upp skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Í flóttaleiðum verður neyðarlýsing a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum, 0,5 lux á opnum svæðum og 5 lux við aðaltöflu.

Lagnir

Byggingin er hituð með ofnum. Inntök neysluvatns og heits vatns koma frá núverandi inntaksrými á 1.hæð. Náttúruleg loftræsing er í byggingunni um opnanleg gluggaföög. Lóðréttir lagnastokkar fyrir neysluvatn verða í nýjum milliveggjum þar sem gert er ráð fyrir innréttingum. Útisvæði og stigi fyrir framan inngang er upphitað

Samantekt á brunavörnum hússins

Unnið af Mannviti hf.

**Almennt**

Um er að ræða byggingu með íbúðum og þjónustu á tveimur hæðum. Húsið fellur undir notkunarflokk X samkvæmt gr. 9.1.3. í byggingarreglugerð.

**Brunaþol burðarvirkis**

Meginburðarvirki hússins er gert úr stálbitum og súlum. Burðarvirkið skal hafa að minnsta kosti R60 brunaþol. Annaðhvort skal mála burðarvirkið með eldvarnarmálningu eða klæða með gifsi. Miða skal við að hitastig í stálinu fari ekki yfir 500°C. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda málningar varðandi undirbúning og þykkt málningar. Ef gifsklæðningar verða valdar skal frágangur borinn undir brunahönnuð.

Teikning þessi er eign s. ap arkitekta ehf. Hana má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.

ÓÚTGEFIÐ

| breyting | skýring | dags. | breytt |
|---|---|---|---|

Verkheiti:
Íbúðir og þjónusta
Hafnarstétt 17, Húsavík

Grunnmyndir og byggingarlýsing

Dagsetning: 03.05.2022
Mælikvarði: 1:100
Teiknað af: KB
Yfirfarið af: AP

Aðalhönnuður:

Arnhildur Pálmadóttir
kt. 220772 5949

s. ap arkitektar

www. sap@ saparkitektar.is
+354 846 90 81

Verknúmer:
0097

Útgáfa:

VER AU 02



SNEIÐING A MKV. 1:100



SNEIÐING B MKV. 1:100



SNEIÐING C MKV. 1:100



ÚTLIT SUÐUR-VESTUR MKV. 1:100



ÚTLIT NORÐUR-VESTUR MKV. 1:100



ÚTLIT NORÐUR-AUSTUR MKV. 1:100



ÚTLIT SUÐUR-AUSTUR / SNEIÐING D MKV. 1:100

Teikning þessi er eign s. ap arkitekta ehf. Hana má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.

**ÓÚTGEFIÐ**

breyting skýring dags. breytt

Verkheiti:
Íbúðir og þjónusta
Hafnarstétt 17, Húsavík

Sneiðingar og útlit

Dagsetning: 03.05.2022
Mælikvarði: 1:100
Teiknað af: KB
Yfirfarið af: AP

Aðalhönnuður:

Arnhildur Pálmadóttir
kt. 220772 5949

s. ap arkitektar

www. sap@
saparkitektar.is
+354 846 90 81

Verknúmer:
0097

VER AU 03

Útgáfa: